Samþykktir Samtaka landbúnaðarsveitarfélaga

1. gr. Nafn og lögheimili

Nafn samtakanna er Samtök landbúnaðarsveitarfélaga (SLS). Lögheimili þeirra og aðsetur er hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

2. gr. Aðild og úrsögn

Sveitarfélög sem hafa verulega beina hagsmuni af landbúnaði geta gerst aðilar að samtökunum. Líta skal til umfangs landbúnaðarstarfsemi innan sveitarfélagsins, hlutfalls starfa í landbúnaði og tengdum greinum, sem og annarra þátta sem sýna fram á verulega hagsmuni sveitarfélagsins af málefnum landbúnaðar. Stjórn samþykkir umsókn um aðild.

Heimilt er að veita undanþágu frá framangreindum skilyrðum í sérstökum tilvikum. Skal slík undanþága tekin fyrir hjá stjórn og lögð svo fyrir aðalfund sem samþykkja þarf umsóknina með 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi.

Óski sveitarfélag eftir að segja sig úr samtökunum skal það tilkynnt skriflega. Úrsögn tekur gildi á næsta aðalfundi eftir að tilkynning um úrsögn hefur borist.

3. gr. Tilgangur og verkefni

SLS eru samtök sveitarfélaga sem hafa beinna hagsmuna að gæta af landbúnaði, matvælaframleiðslu, landnýtingu og byggðaþróun. Tilgangur samtakanna er:

- að standa vörð um hagsmuni aðildarsveitarfélaga og íbúa þeirra í öllum málum sem tengjast landbúnaði, matvælaframleiðslu, nýtingu lands og annarra náttúruauðlinda, sem og atvinnuuppbyggingu í dreifbýli;
- að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum aðildarsveitarfélaga, svo sem við mótun laga, reglugerða og opinberrar stefnu sem varðar landbúnað, landnýtingu, umhverfismál, matvælaframleiðslu og byggðaþróun, auk þess að stuðla að fræðslu og kynningu á þeim málaflokkum;
- að taka þátt í umræðu og mótun opinberrar stefnu um rekstrarskilyrði landbúnaðar, nýtingu náttúruauðlinda, innviðamál í dreifbýli, byggðaþróun og aðra þætti sem hafa áhrif á afkomu og framtíð aðildarsveitarfélaga;
- að efla samstarf, upplýsingamiðlun og miðlun reynslu meðal aðildarsveitarfélaga um málefni landbúnaðar, byggðaþróunar og sjálfbærrar nýtingar lands og auðlinda;
- að stuðla að öflugri matvælaframleiðslu, verðmætasköpun og atvinnuuppbyggingu til hagsbóta fyrir aðildarsveitarfélög og íbúa þeirra.

4. gr. Aðalfundur og kjörgengi

Aðalfundur SLS hefur æðsta vald í málefnum samtakanna. Aðalfund skal halda í september- eða októbermánuði annað hvert ár og skal haldið á sléttum ártölum. Á aðalfundi starfa starfsnefndir skv. ákvörðun fundarins, þ.á m. kjörnefnd.

Kjörgengir á aðalfund SLS og í stjórn samtakanna eru kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnum aðildarsveitarfélaga og starfsmenn þeirra. Láti aðal- eða varamaður í stjórn af starfi á vettvangi sveitarfélaga, eða hættir í sveitarstjórn, þá fellur umboð hans niður og skal varamaður hans í stjórn samtakanna taka sæti hans í aðalstjórn.

Kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnum, svo og starfsmenn sveitarfélaga, halda umboði sínu í stjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum til og með næsta aðalfundi.

5. gr. Fulltrúar og atkvæðisréttur

Öll aðildarsveitarfélög eiga seturétt fyrir allt að þrjá fulltrúa á aðalfund. Hvert sveitarfélag hefur eitt atkvæði við atkvæðagreiðslur en allir aðalfundarfulltrúar hafa málfrelsi og tillögurétt. Aðildarsveitarfélög skulu tilgreina með tilnefningu hver fulltrúa sveitarfélagsins fer með atkvæði þess.

Skilyrði atkvæðisréttar er að viðkomandi sveitarfélag sé skuldlaust við samtökin.

6. gr. Boðun aðalfundar og árgjöld

Stjórn SLS skal boða til aðalfundar eigi síðar en fjórum vikum fyrir fundardag. Fundarboði skulu fylgja dagskrá fundarins, ársreikningar samtakanna, tillaga að fjárhagsáætlun og tillögur um lagabreytingar.

Aðalfundur skal ákvarða hverju sinni árgjöld aðildarsveitarfélaga þannig að samanlögð árgjöld nægi til þess að standa straum af kostnaði við rekstur samtakanna. Stjórn samtakanna skal leggja fram tillögu um árgjöld fyrir hvern aðalfund. Við ákvörðun árgjalda skal taka sanngjarnt tillit til íbúafjölda aðildarsveitarfélaga.

7. gr. Dagskrá aðalfundar

Á dagskrá aðalfundar SLS skal m.a. taka fyrir eftirfarandi:

a) skýrslu stjórnar,

b) ársreikninga samtakanna fyrir undanfarin tvö reikningsár,

c) starfs- og fjárhagsáætlun samtakanna ásamt ákvörðun um árgjöld og þóknun stjórnar,

d) lagabreytingar,

e) kosningu formanns stjórnar til tveggja ára, kosningu fjögurra meðstjórnenda og þriggja varamanna í stjórn til tveggja ára,

f) kosningu tveggja skoðunarmanna til tveggja ára og eins til vara,

g) mál sem stjórn samtakanna, einstakir fulltrúar eða sveitarstjórnir óska að tekin verði fyrir.

8. gr. Aukaaðalfundur

Stjórn er heimilt að boða til aukaaðalfundar, ef þörf krefur. Aukaaðalfund skal boða með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Aukaaðalfundur getur einungis tekið fyrir mál sem getið er í fundarboði.

9. gr. Landbúnaðarfundur

Þau ár sem ekki er haldinn aðalfundur skal haldinn landbúnaðarfundur. Landbúnaðarfundur er ætlaður sem almennur kynningar- og fræðslufundur fyrir starfsmenn, stjórnendur og sveitarstjórnarmenn aðildarsveitarfélaga um tiltekin málefni sem stjórnin ákveður. Landbúnaðarfundur er öllum opinn og tekur ekki ákvarðanir í málefnum SLS en getur beint ályktunum til stjórnar samtakanna.

10. gr. Stjórn samtakanna

Stjórn SLS skal skipuð fimm einstaklingum og þremur til vara. Skulu þeir kosnir á aðalfundi samtakanna, sbr.7. gr. e-lið. Aðalfundur kýs formann sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum og skal kjósa varaformann og gjaldkera. Kjörtímabil stjórnar er tvö ár. Við kjör stjórnar skal leitast við að fulltrúar í stjórn samtakanna endurspegli sem best fjölbreytni þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að Samtökum landbúnaðarsveitarfélaga og skal hlutfall kynja í stjórn vera eins jafnt og kostur er, annars vegar í aðalstjórn og hins vegar í varastjórn.

Segi fulltrúi sig úr stjórn SLS eða lætur af störfum í sveitarstjórn eða hjá sveitarfélagi, ákveður stjórn hvaða varafulltrúi tekur sæti hans. Við ákvörðun sína skal stjórn taka tillit til niðurstöðu úr stjórnarkjöri og ofangreindra reglna um samsetningu stjórnar.

11. gr. Störf stjórnar og ritun

Stjórn samtakanna ræður málum þess milli aðalfunda.

Stjórnin skal halda a.m.k. fimm stjórnarfundi á ári. Stjórnarformaður boðar stjórnarmenn saman til funda. Stjórn er ályktunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna situr fund. Afl atkvæða ræður úrslitum mála, en falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns. Heimilt er að halda símafundi eða nota fjarfundarbúnað og gilda sömu reglur um þá fundi og aðra fundi. Stjórnin heldur fundargerð í samræmi við almenn fundarsköp sveitarstjórna og skulu endurrit fundargerða send aðildarsveitarfélögum.

Stjórninni er heimilt að skipa starfsnefndir um einstök mál og ákveða þóknun til nefndarmanna.

Formaður og einn stjórnarmaður í sameiningu skuldbinda samtökin með undirritun sinni.

12. gr. Reikningsár og fjárreiður

Reikningsár SLS skal vera almanaksárið.

Stjórn SLS samþykkir ársreikninga samtakanna eftir að þeir hafa verið kynntir aðildarsveitarfélögum og yfirfarnir af skoðunarmönnum, en þeir eru síðan lagðir fram á næsta aðalfundi til staðfestingar.

Starfs- og fjárhagsáætlun til næstu tveggja ára skal lögð fram á aðalfundi til samþykktar.

Stjórn samtakanna getur breytt fjárhagsáætlun milli aðalfunda eftir að breytingartillögurnar hafa verið kynntar aðildarsveitarfélögum. Stjórn er þó ekki heimilt að auka heildarútgjöld samtakanna nema að því marki að tekjur hrökkvi til.

13. gr. Breytingar á samþykktum

Samþykktum þessum má breyta á aðalfundi. Til lagabreytinga þarf 2/3 hluta atkvæða mættra atkvæðabærra fulltrúa sbr. 5. gr.

14. gr. Slit samtakanna og gildistaka

Ákvörðun um slit samtakanna verður aðeins tekin á aðalfundi með 2/3 hluta atkvæða. Verði slík tillaga samþykkt skulu eignir samtakanna renna til Sambands íslenskra sveitarfélaga til varðveislu en verði önnur samtök stofnuð í sambærilegum tilgangi skulu eignirnar renna til þeirra.

Samþykktir þessar öðlast þegar gildi.

Samþykkt á stofnfundi 7. október 2026